

Ársfundur FHD 16. Apríl 2012

Úr stjórn FHD eru mættir Egill Bergmann, Hulda Jónasdóttir, Vilhjálmur Ólafsson og Jón Ásgeir Einarsson.

Fundarstjóri er Haukur Reynisson.

Formaður fer yfir skýrslu stjórnar.

Næst fer Vilhjálmur yfir reikninga deildarinnar og reikningurinn samþykktur samhljóða.

Næsta mál á dagskrá er stjórnarkjör. Úr stjórn ganga Hulda Jónasdóttir og Arna Ólafsdóttir. Í þeirra stað koma inn þeir Þorsteinn Friðriksson og Bragi.

Næst var farið í önnur mál:

Nokkrar umræður hófust í kringum verðlaunagripa deildarinnar og sýningarþjálfun.

Haukur spurðist fyrir um hvort að það væru einhver tímamörk á undanþágunni á bráð, sem var veitt fyrir alhliðaprófið á s.l. ári. Egill svaraði því til að undanþágan sé enn í gildi.

Þorsteinn Friðriksson kvartar yfir því að viðburðir á vegum deildarinnar séu oft ekki nægjanlega vel kynntir á heimasíðunni.

Henning Þór Aðalmondarson spurði út í framtíðarhorfur Sólheimakots og hver væri staðan á þeim málum. Egill upplýsti fundinn um stöðu mála. Almennur áhugi virtist vera á fundinum að halda Sólheimakoti sem lengst

Spurst var fyrir um liðakeppnarnar. Liðakeppnin verður haldin 5. maí.

Lagt var til að panta stóra húsið í Ytri Vík tímanlega. Veiðipróf í áfangafelli fært fram um einn dag.